

Nd.

430. Nefndarálit

um frv. til laga um raforkusjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar á mörgum fundum og leitast við að fá upplýst, í hvaða formi mestar líkur væru til að fá um það samkomulag. Eftir að sýnt þótti, að litlar líkur væru fyrir, að hægt væri að tryggja framgang málsins með því að leggja skatt í einhverri mynd á þær rafveitur, sem þegar hafa verið reistar, og þær, sem reistar verða, taldi nefndin rétt að breyta frumvarpinu í þá átt að hækka framlag ríkissjóðs til sjóðsins úr 300 þús. upp í 500 þús. kr. og breyta starfsemi hans og tilgangi þannig, að veita úr honum beina styrki til rafveituframkvæmda í sveitum og kaптúnunum, í stað þess að láta hann annast lánastarfsemi, eins og til var ætlað með frumvarpinu. Er þetta eðlileg afleiðing þess, að tekjur hans verða bæði minni og óvissari, þegar önnur aðaltekjuöflunarleiðin er niður felld.

Nefndin hefur því komið sér saman um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingum, sem allir nefndarmenn standa að.

Einn nefndarmanna (HG) hefur áskilið sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur við frv.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Annar másl. orðist svo: Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til að gera raforkuver og raforkuveitur, sem reist verða í sveitum og kaптúnunum eftir að lög þessi öðlast gildi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Ríkissjóður greiði til raforkusjóðs 500 þúsund krónur á ári. Fé raforkusjóðs skal geymt og ávaxtað í banka.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Við 5. gr., er verður 3. gr. Greinin orðist þannig:
Búnaðarfélag Íslands annast stjórn raforkusjóðs og hefur á hendi ákvarðanir um styrkveitingar úr honum, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál.
6. Við 6. gr., er verður 4. gr. Greinin orðist svo:
Styrkur úr raforkusjóði má nema frá 15—30% af stofnkostnaði orkuvers eða orkuveitu. Skal veita þeim umsækjendum hlutfallslega mestan styrk, sem hafa örðugasta aðstöðu til að byggja orkuver og orkuveitur.
7. 7. gr. fellur niður.
8. 8. gr. verður 5. gr.
9. Við 9. gr., er verður 6. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og styrkveitingar úr honum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og rafmagnseftirlits ríkisins.
10. 10. gr. verður 7. gr.

Alþingi, 15. maí 1942.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
Haraldur Guðmundsson.	Stefán Stefánsson.	